

Næringarefni og fôðurgildi	Tilgreint innihald í % og MJ/kg	Mörk fyrir mæld frávik undir tilgreindu innihaldi	Mörk fyrir mæld frávik yfir tilgreindu innihaldi
Vatn	_ > 40 20 - < 40 < 20		3 prósentustig 7,50% 1,5 prósentustig
Prótín	_ > 20 12,5 - < 20 < 12,5	3,2 prósentustig 16% 2 prósentustig	6,4 prósentustig 32% 4 prósentustig
Fita		2,5 prósentustig	2,5 prósentustig
Tréni		3 prósentustig	1 prósentustig
Aska		4,5 prósentustig	1,5 prósentustig
Orka í sérfróðri ¹⁾ (MJ BO/kg)		15%	15%

¹⁾ Aðferð við útreikninga orkugildis.

Orkugildi hunda- og kattamatar með sérstök næringarmarkmið í huga skal reiknað út í samræmi við neðangreinda líkingu á grundvelli hundraðshluta tiltekinnar næringarefna. Þetta gildi skal gefið upp í megajúlum (MJ) breytiorku (BO) á hvert kílógramm af fôðri sem hér segir:

a) hunda- og kattamat, að undanskildum kattamat með vatnsinnihaldi sem er meira en 14%:

$$\text{MJ/kg BO} = 0,1464 \times \% \text{ hráprótín} + 0,3556 \times \% \text{ hráfita} + 0,1464 \times \% \text{ sterkja}$$

b) kattamat með vatnsinnihaldi sem er meira en 14%:

$$\text{MJ/kg BO} = (0,1632 \times \% \text{ hráprótín} + 0,3222 \times \% \text{ hráfita} + 0,1255 \times \% \text{ sterkja}) - 0,2092$$

Þar sem hundraðshluti sterkju er reiknaður sem afgangur eftir mælingu vatns, hráösku, hráprótíns, hráfitu og fitu og trénis.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 22 29. mars 1994 um eftirlit með fôðri, áburði og sáðvöru og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. september 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

25. september 1996

Nr. 511

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0702.0001	Tómatar, nýir eða kældir	01.11.-15.03.97	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	14.10.-20.10.96	ótilgr.	22,5	149
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	21.10.-31.10.96	ótilgr.	15	99
0703.9001	Blaðlaukur	11.11.-17.11.96	ótilgr.	22,5	170
0703.9001	Blaðlaukur	18.11.-24.11.96	ótilgr.	15	114
0703.9001	Blaðlaukur	25.11.-30.11.96	ótilgr.	7,5	57
0703.9001	Blaðlaukur	01.12.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	07.10.-13.10.96	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	14.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	01.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	07.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	01.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0705.1111	Jöklasalat	01.11.-15.03.97	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat	01.10.-31.10.96	ótilgr.	30	0
0705.1191	Annað (salat)	01.11.-15.03.97	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	01.10.-31.10.96	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.10.-31.10.96	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.11.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifílsblöð	01.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.11.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0706.9000	Annað	01.11.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0707.0011	Gúrkur	01.11.-15.03.97	ótilgr.	0	0
0707.0021	Gúrkur	14.10.-20.10.96	ótilgr.	22,5	148
0707.0021	Gúrkur	21.10.-31.10.96	ótilgr.	15	99
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	11.11.-17.11.96	ótilgr.	15	138
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	18.11.-24.11.96	ótilgr.	7,5	69
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	25.11.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	01.10.-15.03.97	ótilgr.	7,5	100
0709.6002	Paprika	01.11.-15.03.97	ótilgr.	0	0
0709.6003	Paprika	01.10.-06.10.96	ótilgr.	22,5	298
0709.6003	Paprika	07.10.-13.10.96	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika	14.10.-31.10.96	ótilgr.	7,5	99
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	01.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.10.-15.03.97	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tíma-
bil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 16. mars 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. september 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

nr. 2/1996 um verðupplýsingar veitingahúsa.

1. gr.

Þeir sem veitingarekstur stunda skulu festa upp verðskrá á áberandi stað fyrir framan inngöngudyr veitingastaða sinna. Í verðskránni skal koma fram verð á algengustu vöru og þjónustu sem í boði er.

Þar sem upplýsingar um verð á drykkjarföngum koma fram skal einnig tilgreina magn.

Uppgefið verð skal í öllum tilvikum vera endanlegt verð með virðisaukaskatti og þjónustugjaldi.

2. gr.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt XIII. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993.

3. gr.

Reglur þessar öðlast gildi við birtingu og koma í stað reglna Samkeppnisstofnunar nr. 6/1994, sem fellur jafnframt úr gildi.

Reglur þessar eru settar með heimild í 31. og 32. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Samkeppnisstofnun, 25. september 1996.

Georg Ólafsson.

Kristín Færseth.